P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 28. febr. 1919. | № 2.

Hjónabandslöggjöfin og barnalöggjöfin.

Það mun gleðja allar þær konur, sem nokkuð hugsa um réttarfarslega stöðu giftra kvenna og ógiftra mæðra og óskilgetinna barna þeirra, að heyra, að væntanlegt er að stjórnin leggi í sumar fyrir alþingi frumvarp til laga um hjónabands- og barnalöggjöfina. Hefir þá áskorun sú til alþingis, sem samþykt var á kvennafundi þeim, sem Kvenréttindafélag Íslands hélt hér í bæ vorið 1917, borið góðan ávöxt. Áskorun sú var á þá leið, að skora á þingið að hlutast til um, að stjórnin léti undirbúa þessa löggjöf, í samræmi við samskonar löggjöf annara Norðurlanda, sem nú hefir verið í smíðum og margir kaflar úr henni eru þegar orðnir að gildandi lögum. Eiga þeir Gísli Sveinsson sýslumaður og Einar Arnórsson prófessor, sem fluttu þetta mál á alþingi um rökstudda dagskrá, fyrir Kvenréttindafélagið, þakkir skilið fyrir að hjálpa málinu áfram til góðrar úrlausnar. Eins og hér í blaðinu hefir áður verið getið, fékk stjórnin prófessor Lárus H. Bjarnason til að semja og undirbúa þessi lagafrumvörp, og var það viturlega gert af stjórninni, því að hann var eflaust færasti maðurinn til þess. Væntum vér að lagafrumvörp þessi verði frjálsleg og réttlát, og veruleg réttarbót, einkum konum og börnum, sér í lagi óskilgetnu börnunum, ef þingið ekki skemmir þau, sem vonandi er að það láti vera.

Þegar Kvenréttindafélagið hérna, var að gangast fyrir þessum ofangreinda fundi, sem aðallega átti að ræða þetta mál, ásamt ýmsum dýrtíðarmálum og þátttökuleysi kvenna í þeim, vegna þess, að framhjá konum væri, jafnan gengið, þegar valið væri í nefndirnar, sem um þau fjölluðu, þá vonaðist stjórn K. R. F. Í. eftir að helstu konur hinna ýmsu kvenfélaga bæjarins mundu hjálpa til að undirbúa fundinn og taka þátt í umræðunum, einkum um hjónabands- og barnalöggjöfina, sem sumar þeirra kváðust hafa mikinn áhuga á að yrði endurskoðuð og rædd. En í þetta sinn vildu þær ekkert við það eiga. Og þessa aðferð K. R. F. Í., að snúa sér beint til alþingis og fá það til að ýta stjórninni af stað með undirbúning málsins, virtust þær ekki trúa á. Nú hefir þó reynslan skorið úr því og sýnt, að þetta var einmitt réttasti vegurinn og um leið krókaminstur. Enda var hann í samræmi við fyrstu tilraun K. R. F. Í. í þessu máli 1907, sem þá fórst fyrir af sérstökum ástæðum.

Sömu aðferð heldur K. R. F. Í. nú, það hefir snúið sér beint til stjórnarinnar með áskorun um að taka þá breytingu upp í frumvarp það til nýrra stjórnskipulaga, sem hún leggur væntanlega fyrir alþingi í sumar, að allur mismunur á aldri kvenna og karla, sem skilyrði fyrir pólitiskum kosningarrétti, verði upphafinn og öllum konum og körlum verði veitt þessi réttindi með sömu skilyrðum, þegar er nýja stjórnarskráin gengur í gildi.

Og með því að hið nýja fullvalda íslenzka ríki getur naumast byrjað tilveru sína með svo hlægilegri afturhaldssemi, sem aðrar þjóðir eru nú að fordæma og upphefja, þá er fyllsta ástæða til að vona að stjórnin muni taka þessar óskir K. R. F. Í. og áskorun til greina, við samning hins nýja frumvarps stjórnarskrárlaganna.

Margir álíta að nú sé ekki lengur þörf á kvenréttindafélögum, þegar full pólitísk réttindi séu fengin, þá verði þau að falla niður.

En þetta er mesti misskilningur. Kosningarréttur og kjörgengi, bæði til alþingis og í öllum sveita- og héraðamálum, er aðeins fyrsta meðalið til að ná fullu jafnrétti og til að geta bætt úr hinum mörgu misfellum,

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

sem eru á lögum þeim, sem snerta konur, beint og óbeint.

Eftir er að koma þeim réttarbótum, sem fengnar eru, í fulla framkvæmd. Gera þær að lifandi virkileika. Og eftir er einnig að gera konum skiljanlegt, að þátttaka þeirra í öllum þjóðfélagsmálum sé jafn nauðsynleg og þátttaka þeirra í heimilisstjórn og heimilisstörfum.

Fyrstu skilyrðin.

Nú, þegar konurnar eiga að fara að teljast fullgildir ríkisborgarar hins nýja fullvalda íslenzka ríkis, þá verður fyrsta spurning allra þeirra sem óska hluttöku kvennanna í hinum ýmsu landsmálum, hvort þær muni nú líka vera búnar undir þessa hluttöku og ábyrgð, og hvaða aðferðir muni heppilegastar fyrir konur, til þess að gera sig gildandi og ná þeim áhrifum, sem þeim beri, og nauðsynleg séu, ef hugsjónir þeirra eigi að komast í framkvæmd. Þegar þetta er vandlega athugað, virðast fyrstu skilyrðin fyrir þessu vera tvenn: Aukin alþýðufræðsla, ásamt aukinni sérmentun kvenna og þekkingu í öllum efnum, og undirhyggjulausri, hreinskilinni samvinnu milli karla og kvenna, í öllum opinberum málum.

Hvert ríki eða þjóðfélag er eiginlega ekkert annað en bandalag, eða sambandsfélag hinna mörgu smáu félaga: heimilanna. Til þess að velferð allra þeirra og íbúa þeirra sé trygð með þeirri framþróun, sem breyttir tímar og breytt lífsskilyrði hafa í för með sér, verða fulltrúar heimilanna og hinna ýmsu stétta, sem þar búa, að standa á verði fyrir allra þeirra sameiginlegu hagsmunum. En ef það gerir aðeins annar hlutinn: karlmennirnir, þá er hætt við að margt verði illa trygt og lítið athugað. Þeir munu fæstir hafa sett sig svo vel inn í störf kvenna á heimilunum og þýðingu þeirra fyrir alt þjóðfélagið, að þeir geti staðið fullkomlega á verði fyrir öllu því, sem að því lýtur að bæta uppeldi uppvaxandi kynslóðar og gera konurnar vaxnar þeim störfum, sem að því lúta.

Við verðum að játa það, að yfirleitt er mentun kvenna mjög ábótavant hér á landi. Menn munu segja, að svo sé einnig farið mentunarástandi karlmanna. Alþýðumentunin, sem sé grundvöllurinn undir allri verulegri framsókn og framförum, hún sé hér á landi mjög ófullnægjandi. Þessu skal ekki neitað. En þó er það að segja um alþýðumentun karlmanna, að tilraunir eru gerðar til að koma henni í viðunanlegra horf. Eftir hina lögboðnu barnafræðslu stendur þó karlmönnunum ýmisleg önnur fræðsla til boða. Ýmsir sérskólar eru þá til handa þeim, lagaðir eftir þeim störfum, sem þeir hafa ætlað sér að taka fyrir. Auk þess er iðnnámið, sem er nokkurskonar skóli fyrir alla, sem einhverja iðn ætla sér að stunda. En ekkert slíkt nám er til handa konum. Þær fá að eins rétt til að nota sömu skóla og karlmennirnir, án tillits til, að engum þeirra er að neinu leyti breytt svo, að þeir verði sérstaklega við kvenna hæfi. Og meðan konurnar vantar þekkinguna á nær því öllum sviðum, er ekki mikilla framfara að vænta af þeim. Á því stigi má einnig ge. nærri, að þær muni lítt færar um að sjá í hverju hinir mýmörgu gallar á þjóðfélagsskipulaginu liggja, né hafa frumkvæði og finni ráð til að bæta úr þeim. Og þó er þetta bæði ætlunarverk og skylda hinnar frjálsu konu í framtíðinni. Hún á að vera í þjóðfélaginu eins og á heimilunum, nauðsynlegur ráðunautur og framkvæmdarstjóri á mörgum sviðum, sem tryggur vörður allrar mannúðar og siðgæða; þjóðfélagsmóðirin, sem ber mesta umhyggjuna fyrir að ekkert af ungu kynslóðinni fari að forgörðum fyrir ræktarleysi og vanrækslu, að gamalmennin séu ekki gefin upp á gadd örbyrgðar og miskunnarleysis, heldur sé að þeim hlúð með þakklæti og viðurkenningu fyrir lífsstörf þeirra, að sjúkir og bágstaddir eigi jafnan að mæta viðsýnni umhyggju og mannúð. Yfir höfuð verður það hlutverk konunnar í framtíðinni, að sjá um að engir verði afskiftir í þjóðfélaginu, og nota til þess alla sína beztu kvenlegu eiginleika, sem í samvinnu við karlmennina ættu að njóta sín jafnt í hinum víðari verkahring eins og á heimilunum, ef samvinnan er frá beggja hálfu bygð

á þeim grundvelli, að taka fult tillit til hverrar skoðunar og tillögu, sem hefir bætandi áhrif fyrir heildina.

En til þess að þetta geti orðið meira en draumar og hugsjónir þeirra kvenna og karla, sem halda fram nauðsyn kvenlegrar hluttöku í þjóðfélagsmálunum, verða konurnar í heild sinni að fá staðgóða fræðslu í öllum efnum. Alþýðufræðslan, sem mjög er af skornum skamti hér á landi og ófullkomin, verður þegar í byrjun að byggjast á því, að heimilin geti orðið góður hvíldarstaður fyrir alla, að þar sé friðaður reitur, sem ali upp börnin, sem taka eiga í sínar hendur alla velferð ríkisins, að fáum áratugum liðnum, og þar sé því í sannleika lagður grundvöllurinn undir gæfu og framfarir þjóðarinnar, en ekki böl og óhamingju. Til þess að vera þessu ætlunarverki vaxin, þarf sérstakan undirbúning, og hann á að leggja til grundvallar undir alþýðufræðslu kvenna. Enginn veit hver litlu smástúlknanna verður síðar húsmóðir og móðir, eða hverjar þeirra verða það aldrei. Því verður fyrsta alþýðufræðsla þeirra að taka fult tillit til þessara eðlilegu möguleika. Síðar verður svo sérnámið að skera úr, hvert lífsstarf þær velja sér, alveg eins og karlmennirnir.

Stóra syndin hennar ömmu.

(Þýtt úr sænsku.)

(Niðurl.)

Næsta morgun heyrðist engin símahringing, en þar á móti hringdi dyrabjallan og þegar opnað var stóð Gerða þar og brosti vinalega.

„Jæa, mamma litla, nú dugar þetta afsvar ekki lengur, nú sleppi ég þér ekki fyr en þú hefir lofað mér að borða með okkur miðdegisverð og fara í leikhúsið með okkur í kvöld, í staðinn fyrir í gær.

Og þegar amma hristi höfuðið, taldi hún freistandi upp alla þá sælgætisrétti, sem hún ætti að fá til miðdegisverðar, og öll þau lofsyrði, sem hún hafði heyrt um leikritið, sem átti að leika. Hún Gerða var nefnilega góð og indæl stúlka, og henni og ömmu hafði altaf komið svo vel saman, og nú féll henni illa, eins og Karli, að gömlu mömmu leið ekki vel, og þau vildu bæta úr því á allan hátt og gera henni alla hugsanlega gleði, bara að það kæmi ekki í bága við umhyggju þeirra fyrir Gippa.

En stoltið reisti sig aftur í hennar viðkvæma hjarta. Væri hún ekki nógu góð handa Gippa, þá var hún ekki heldur nógu góð handa foreldrum hans. Og Gerða varð að tara svobúin aftur með sama svar og hún hafði gefið syni sínum daginn áður. Það lá svo ákaflega mikið á peysunni. Hún varð að vera tilbúin í tæka tíð.

Og ennþá leið einn langur og ákaflega leiðinlegur og erfiður dagur. En snemma næsta morgun var dyrabjöllunni aftur hringt.

Amma hafði óljósan grun um að það kynni að vera annaðhvort ungu hjónanna, sem ekki hefðu ró í sér þegar þau vissu af henni einni. En varla hafði hún lokið upp dyrunum fyr en hún umfaðmaðist af tveimur svolitlum örmum, sem varla náðu henni upp í mitti, og svolítil elskuleg barnsrödd hrópaði: „Amma! Amma! Gippi er kominn til að sækja ömmu!“

Amma stjóð alveg eins og steingjörfingur. Hvað átti nú þetta að þýða? Hún leit frá Gippa til Gerðu, sem nú var komin líka inn í dyrnar á eftir barninu.

„Já mamma litla,“ sagði Gerða. „Fyrst þú vildir ekki koma þegar við báðum þig, þá urðum við að reyna hverju hann gæti áorkað.“

En amma stóð stöðugt og horfði fram fyrir sig, Þessi skjóta óvænta fyrirgefning. En svo mikið hafði hún þó tekið út þessa síðustu daga að hún átti bágt með að trúa þessari lukku, og stoltið í hjarta hennar hafði ekki alveg þiðnað. „Þið þurfið mín ekki með lengur,“ tautaði hún.

„Þurfum við þín ekki? Jú, sannarlega, mamma litla; það hefi eg nú lært að sjá.“ Og Gerða beygði sig niður og kysti hana innilega.

„Eg skal segja þér nokkuð,“ bætti hún við. Og meðan Gippi stökk um kring í herbergjunum, sem honum fanst hann ekki hafa séð svo lengi, dró hún ömmu með sér inn í eitt stofuhornið.

„Þú mátt trúa því að eg hefi átt bágt með að fá Gippa til að sofna á daginn,“ hvískraði hún, til þess að drengurinn heyrði það ekki. „Og verra og verra verður það með hverjum degi. ‘Hann bara sparkar og orgar, og hættir aldrei að kalla á þig. I gær var hann einkum óþolandi. Það leið fullur hálftími áður hann hafði orgað sig þreyttan. Og þegar hann síðan lá með snöktinu og ekkanum á eftir, þá kom það allra versta, nokkuð, sem reyndar skar mig í hjartað. Veistu hvað hann sagði? „Eg vil ekki vera hér,“ sagði hann. „Eg vil vera hjá henni ömmu.“

Amma leit upp og andlitið ljómaði. En hún gat ekkert sagt, því varir hennar titruðu af geðshræringu.

„Sjáðu nú til. Þú skilur að þú verður að koma, mamma litla, heim til okkar eins og vant er,“ hélt Gerða áfram. „Því annars fer Gippi frá okk-

ur, hingað til þín, og það væri dálítið leiðinlegt fyrir okkur Karl."

Nú varð amma að hlæja. Nú voru síðustu leifarnar af stolti þiðnaðar í hjarta hennar, því nú hafði hún fengið fullar bætur. Gippi hafði gefið henni þær, með því að sýna að hann þyrfti hennar við, að hann þreyði hana og að hún væri þannig alls ekki algerlega fyrirlitleg vera, sem ekkert hefði að gera í heiminum.

Hún tók því kápu sína og hatt, án frekari mótmæla, til þess að fylgja Gippa heim og svæfa hann, því það gat enginn gert jafnvel og hún. Og hún og Gippi héldust í hendur alla leiðina og mösuðu altaf saman. En Gerða gekk á eftir, þögul og brosandi.

Hún hugsaði um eina ritningargrein, sem henni hafði alt í einu komið í hug, þegar hún sat hjá rúmi litla drengsins síns og heyrði hann gráta og kalla á ömmu, sem máske yrði nú sjúk af þrá eftir honum, í einveru sinni. Þessi ritningargrein hljóðaði þannig: „Sá sem elskar mikið, honum verður mikið fyrirgefið." Og þessi orð áttu víst sinn þátt í för hennar og Gippa til að sækja ömmu. Þau höfðu sannfært hana um, að menn ættu ekki að troða kærleikann undir fótum, ekki einu sinni til að leiða barn sitt á verndaðan afmarkaðan stíg. Barnið fékk víst verndun á einhvern annan hátt.

Og máske amma betraði sig líka. En það var Gerða nú ekki svo alveg viss um.

Nútíðarstefnan og konurnar.

Menn þurfa ekki lengi að staldra við og litast í kringum sig, til þess að sjá að nýir tímar eru að renna upp og nýjar lífsstefnur að gera sig gildandi. Hið mikla veraldar-stríð hefir svo að segja gjörbreytt öllum hugsunarhætti og venjum. Og þó er minsti hlutinn af áhrifum þess enn þá sýnilegur, því slíku skelfingar syndaflóði fylgja eðlilega mörg og víðtæk eftirköst, sem gjörbreyta öllu innra og ytra ásigkomulagi heimsins.

Hér skal ekki farið út í, að telja upp þær breytingar, sem orðið hafa á útliti heimsins, í þeim löndum sem veraldarstríð þetta hefir aðallega verið háð. Hilt er aðalatriðið, hverjar afleiðingarnar verða fyrir framtíðina. Á því er það, sem alt veltur nú.

Það, sem fyrst vekur eftirtekt vora í þessu tilliti, eru hinar tvær nýju stefnur eða hugsjónir, sem nú virðast vera að fá byr í seglin. Það er allsherjar-þjóða sambandsfélagsskapur, og jafnrétti kvenna og karla. En grundvöllurinn undir þessum tveimur stefnum er sá sami. Það er *friðarhugsjónin.*

Undirstaða jafnréttis kvenna og karla er þegar lögð víða, og stríðið hefir hækkað hana og bygt víða ofan á hana. Pólitiskt jafnrétti hafa konurnar fengið á ófriðarárunum, að meiru eða minna leyti í mörgum ríkjum. Í Þýskalandi og fyrverandi Austurríki og Ungverjalandi hafa þær fengið fult pólitiskt jafnrétti á við karlmenn, sömuleiðis í Rússlandi. Í mörgum sambandsríkjunum í Ameríku hefir einnig pólitiskur kosningarréttur og kjörgengi kvenna komist á síðan. Á Bretlandi hafa konur einnig fengið þessi réttindi, en þó með nokkrum takmörkunum. Í Svíþjóð hafa konur einnig fengið fullan kosningarrétt til efri málstofunnar og kjörgengi, og von um að fá fult pólitískt jafnrétti á þingi því, sem nú stendur yfir. Öll hin Norðurlöndin og Finnland hafa einnig veitt konum sínum þessi réttindi, en þó ekki fullkomin á Íslandi og í Danmörku fyrr en að nokkrum árum liðnum, sem þó verður væntanlega breytt á næstu þingum. — Franskar konur, ítalskar, serbneskar, rúmenskar og bulgariskar heimta einnig þessi sömu grundvallar-réttindi, og hafa miklar líkur til að fá þau, áður en langt um líður. Í Japan og Indlandi rita og ræða konur líka um þetta, og Indverskar konur hafa haldið fundi um það, og sent stjórninni kröfur sínar, sem fundarályktanir. — Efalaust krefjast kínverskar konur einnig hins sama, þótt vér höfum ekkert þaðan frétt. Og í öllum þessum ríkjum virðast margir bestu, frjálslyndustu og nýtustu menn þjóðanna vera þessu máli fylgjandi, og krefjast hins sama fyrir hönd kvenna.

En aðal-undirstaðan að því, að skoð-

un manna virðist svo breytt í þessum málum, og að konurnar alment fara sjálfar að heimta þessi réttindi, er friðarhugmyndin. Hinn varanlegi, eilífur friður á jörðunni. Sú hugmynd hefir aldrei fyrri fengið jafn-mikinn byr undir báða vængi og nú. Og þar eru friðarvonirnar bundnar við konurnar. Því hverir hafa mest að missa við stríðin? Það eru heimilin, uppvaxandi kynslóðirnar, allar hinar friðsamlegu framfarir og daglegu störf, sem við heimilin eru bundin. Öll farsæld og velmegun þjóðanna, heilsa og líf. Og um alt þetta er engum sárara en mæðrunum, fóstrum og fræðurum yngri kynslóðanna, vörðum hins heilaga elds allrar siðmenningar mannkynsins, sem syndaflóð heimsstyrjaldarinnar skellur á og skolar svo víða burtu.

Vegna þessarar sjálfsögðu verndar kvenna á öllu því, sem mannkyninu er dýrast, líta nú allir friðarvinir til þeirra, sem hins sterkasta talsmanns friðarins. Nú eru það konur allra landa, sem þeir ætla að gerist öldubrjótarnir í brimróti ófriðar, haturs og hefndargirni. Þær eigi að rétta út hendurnar til sáttaboða og friðarumleitana; þær eigi að gera sín áhrif gildandi hver í sínu landi og mynda sterka friðar og réttlætisstefnu. En til þess þurfi áhrif þeirra að geta verið sem víðtækust. Því þurfi þær aðallega fult pólitiskt jafnrétti.

Og þannig er þessi friðarhugsjón þjóðanna ein af aðalorsökunum til þessara réttarbóta, ásamt lýðfrelsisstefnunni, sem gengur eins og himinhá alda yfir heiminn. Nú eru það ekki einungis leiðandi konur, sem skora á systur sínar í öðrum löndum að vera nú samtaka um þessi mál, heldur gera karlmennirnir það líka. Í ýmsum blöðum standa áskoranir frá þeim til kvenna um þetta efni. — Í Jus Suffragii stendur þannig áskorun frá Emil Abderhalden, prófessor í líffærafræði við háskólann í Halle, þar sem hann lýsir hættunni sem sé á ferðum og skorar á konur að standa á móti henni. Hann segir að innanríkisbyltingar í ríkjum, sem um langan tíma hafi verið sameinuð, muni veltast yfir alla Evrópu og eyðileggja alla siðmenningu, ef ekkert verði gert á móti. Konurnar hafi á styrjaldartímum gert svo mikið og vandasamt verk, verndað börn sín og heimilin. Enn þá sé ekki of seint að spyrna á móti þessari hættu.

»Þúsundir af yður hafa mist það, sem yður var kærast á jörðunni: eiginmenn og syni. Sameiginlegt mál sameinar yður. Slíkur veraldar skelfingar viðburður má aldrei koma aftur fyrir. Réttlátur friður, laus við alt ofbeldi, verður að fást svo fljótt sem unt er. Engin þjóð heimsins má verða rænd sínum þroska-möguleikum. Í hverju ríki heimsins skal einstaklingsfrelsið vera æðsta markmiðið, og einungis slíkar frjálsar þjóðir skulu mynda þjóðasambandið. — —«

Svo skorar hann á konur í öllum löndum að sameina sig. Þær hafi sameiginlega sorg og vandræði að bera. Wilson hafi boðað guðspjall sjálfstjórnar allra þjóða. Konur eigi að fylgja því máli, og láta sinn eindregna vilja hafa áhrif í hverju landi, til þess að útvega réttlátan og ofbeldislausan frið. Alt ofbeldi feli í sér nýjan ófrið. Heiminum blæði af þúsund sárum, og mörg ár líði áður en hver af oss geti unnið með gleði og í friði að hinum æðstu hugsjónum mannúðar og siðmenningar. Látum oss nú leggja hyrningarsteinana að hamingju afkomenda vorra. Munið það, að eyðilegging stórrar þjóðar er aldrei takmörkuð við hana eina. Hver ofbeldisfull þjóð gróðursetur hjá sjálfri sér frjóanga að nýjum byltingum. —

»Konur í víðri veröldu! Þér hafið málfrelsi. Augu yðar eru heilskygn. Þau eru ekki blinduð af hatri og gremju. Þér þekkið sættir og fyrirgefningu. Þér viljið tryggja framtíðina fyrir börn yðar. Standið allar saman og myndið nefndir og félög, og biðjið um réttlátan frið og Alþjóðasamband, sem bezta grundvöllinn fyrir þroska allra þjóða.« — — —

Þegar menn lesa þessar og þvílíkar

áskoranir til kvenna og bera það saman við það, að á alþjóða jafnaðarmannafundinn, sem nú er haldinn í Sviss, eða á friðarfundinum í París, hafa stjórnir karlmanna, sem þar ráða, ekki valið nokkrar konur til fulltrúa, þrátt fyrir margítrekaðar kröfur kvenna um það, — þá getur það ekki dulist, að enn sem komið er, verða beinu áhrifin frá konum næsta lítil, þegar um stórmálin er að ræða, og þá verður lítil von um áhrif þeirra á *friðar-skilmálana í þetta sinn.* En hitt er vonandi, að með því, að fá pólitiskan atkvæðisrétt, muni þeim smám saman lærast að nota hann og skilja hvílíkt vald og vopn hann er, og það er einmitt von manna þeirra, sem nú vilja leggja hann í hendur þeirra, til þess að þær í framtíðinni geti með honum verndað börn sín og allan heiminn frá slíku syndaflóðs-blóðbaði, sem nú hefir velt sér yfir hann, og ekki verður bætt eða friðþægt fyrir fyr en eftir ófyrirsjáanlega langan tíma, — ef það þá verður nokkurn tíma grætt og bætt að fullu.

Svar franskra kvenna til sænskra kvenna og Ellenar Key.

Út af áskorun þeirri, er Ellen Key sendi til franskra kvenna í nafni sænskra kvenna, með yfir 40,000 undirskriftum þeirra, hefir nú franska Kvenréttindafélagið svarað fyrir hönd franskra kvenna. Þær taka þar fram, hvernig Belgía, Serbía og Frakkland líða sult og sjúkdóma og biðjist hjálpar. Frakkland vilji ekki hefna sín, og nú sé þegar farið að senda matvæli til Austurríkis. En svo segja þær:

En nú spyrja franskar konur sínar sænsku systur að tveimur spurningum: Í fyrsta lagi hvort þær hafi nokkuð leitast við að fá bætt ástand herfanganna í Þýzkalandi, sem hafi verið dæmdir til strangrar vinnu með sultarskömtum, og í öðru lagi, hvort þær hafi mótmælt því fyrir hönd franskra kvenna, að ungum frönskum stúlkum væri nauðgað, eftir hinum svívirðilegu og blygðunarlausu fyrirskipunum þýsku framkvæmdarstjórnarinnar í yfirunnu héruðunum í Norður-Frakklandi?

Síðast í svari sínu taka þær fram, að hér sé ekki að ræða um hefnd. »Þér getið ætíð vænt hluttekningar og meðaumkunar af oss, en krefjist ekki meira. Gefið þýzkum konum tíma til að bæta alt það, sem bætt getur orðið af því tjóni, sem land þeirra hefir valdið. En fyr en það er gert, og réttlætinu er fullnægt, getur oss ekki komið til hugar að gleyma óðáðaverkum Þjóðverja. Gerðum vér það, þá hlýddum vér ekki boðum særðrar samvizku vorrar.

Vegurinn að virðingunum.

Eftir *Ernst Lundquist.*

(Frh.)

Eg bið dómnefndina afsökunar á því, að hafa að nokkru leyti blandað henni inn í þenna meinlausa grikk, sem alt öðrum mönnum var ætlaður.

Ef einhver af listadómendum Rómaborgar þykist þurfa að tala við mig út úr þessu, þá er mig jafnan að hitta milli kl. 2 og 5 í málarastofunni nr. 7 Vía Margutta 33, þar sem hin gamla, maðksmogna, upphaflega umgjörð Giorgiones-málverksins, er líka til sýnis. — Almenningi til hugarhægðar skal eg geta þess, að vinstra hornið á málverkinu að neðanverðu, sem eg varð að mála yfir, vegna þess hve skemt það var, og var nógu ósvífinn að setja mitt nafn á, það get eg gert aftur eins og það var áður, þegar málverkið kemur heim, sem eg býst við að sýningarnefndin líka sendi mér til Vía Margutta það allra skjótasta.

Virðingarfylst

Mauro Santini.«

En málverkið var ekki sent aftur og sýningarnefndin steinþagði, af því að Giorgione málverkið varð eftir þetta aðalaðdráttaraflið að sýningunni í margar vikur, og varð bezta tekjugrein sýningarinnar. Engir listadómendur létu heldur sjá sig við Via Margutta. Þeir voru máske hálfsmeykir um að málarinn sjálfur kynni að taka á móti þeim með sama Hómerska hlátrinum og þeim, sem bergmálaði um alla Rómaborg dag eftir dag í fjölda smágreina og skopkvæða í öllum blöðum borgarinnar. Ef til vill vissu þeir líka, að þeir gátu ekki hitt hann undir fjögur augu, til að hafa tal af honum fyrir blöðin, því það var orðið alkunnugt í Róm, að gegnum málaravinnustofuna nr. 7 í Vía Margutta 33 gekk straumurinn af allskonar gestum allan daginn: listavinum, ferðamönnum og heldri konum á öllum aldri, þar á meðal auk heldur kardínálum og konunglegum prinsum, sem allir vildu sjá hrekkjaliminn Mauro-Santini vera að fara með gömlu myndarumgerðina, eða þeir vildu kaupa eitthvað eftir hann, til að bæta við málverkasöfnin í einhverri af skraut-

íbúðunum í Róm. Það var fullyrt að hann hefði á einni viku selt alt, sem safnast hafði árum saman hjá honum af óseldum málverkum, svo að nú findist ekki eitt einasta málverk eftir, nema Giorgione-málverkið, sem hann fékst ekki til að selja.

Útsjónarsamur ljósmyndasmiður hafði fyrir mjög hátt verð fengtð leyfi til að taka ljósmynd af frummyndinni í Bella Arti, og dreifa heuni svo á bréfspjöldum út um Róm og alla Ítalíu, sem hann auðvitað græddi álitlega upphæð á. En ljósmynd af Mauro sjálfum fékk hann ekki að taka, þá virðingu kærði hann sig ekki um.

Mauro Santini hafði nú á einum degi orðið nafnfrægur maður. Heldra fólkið keptist um að láta hann mála sig. Og til þess að dylja, að þetta væri mest af nýungagirni og forvitni lézt það í fyrstu álíta að hann væri afbragðs listamaður, í líkingu við Lenback, uppáhaldsgoðið þess, sem því til ósegjanlegrar sorgar hefði nú yfirgefið skrautlegu málaraverkstofuna sína í Palazza Borghese og fluzt aftur heim til München. Og með því að endurtaka þessa afsakandi sjálfsvörn sína, komust menn loks að þeirri niðurstöðu, sem alvarlega rótfastri og sannaðri að Mauro Santini væri afbragðs málari, það varð ekki véfengt. Hann hefði bara haft sömu örlög og allir stórir meistarar, að vera misskilinn áratugum saman, og komast loks til viðurkenningar og virðingar af ófyrirséðri hendingu. Vissulega væri hann ekki neinn málaralistarinnar Worth, sem með leikandi skraddarafingrum töfraði fram á dúkinn heilt flóð af silki og ekta kniplingum. En það var amt sælutilfinning að sjá sjálfan sig á málverkum hans stara fram úr leyndardómsfullu hálfrökkri, með fölt, alvarlegt hertogaandlit, sem mann grunaði að bakvið væri heil veröld af hugsunum og dreymandi göfugum tilfinningum. Sannarlega hafði eitt málað mannsandlit á silkiklæddum vegg, með hans fangamarki í horninu, hreinasta töframátt til að göfga alt umkringið, sem áður virtist vera ófínt og óhófslegt.

Í mörg ár héldu enskar heiðarkonur og rómverskar prinsessur áfram með að láta vagnana sína bíða fyrir utan Via Margutta 33, þangað til Mauro Santine lét að þrábeiðni skiftavina sinna, og lét byggja sér pompejauska villu í pinjurjóðri utan við bæinn. Frægð hans hafði auðsjáanlega ekki orðið eins skammvinn, og hinir móðguðu bladamenn höfðu í byrjuninni fullyrt. Það var líka ómögulegt annað en vera tryggur aðdáandi svo elskuverðs manns, sem jafnan hafði eitthvert fyndið gamanyrði til taks, ef menn voru ekki í sem beztu skapi, og svo hafði hann þar að auki þá reglu að heimsækja fólk aldrei, svo menn hlutu að leita hann uppi í vinnustofu hans, ef menn vildu hitta hann. Hann umgekst yfir höfuð enga, nema sína gömlu fjelaga frá ungdómsárunum, en máske var það af því, að eftir því sem fullyrt var, þá hafði hann gifst niður fyrir sig.

Hann tók heldur engan þátt í málverkasýningum í Róm, en í Feneyjum, Mílanó og París voru málverk við og við eftir hann á listaverksýningunum, og þá ætíð eftir hans gamla vanda, naktar úti, undir berú lofti. Þeirri venju hafði hann haldið, eins eftir það að hann var viðurkendur meistari. Því þótt hann sem samkvæmismaður, mætti fremur kallast æringi, þá var hann altaf sem listamaður, sami þverhausinn og áður, sem gekk rakleiðis sinn veg.

Til dæmis var hann svo þrár með Giorgioni málverkið. Það var opinbert leyndarmál að ríkisstjórnin hafði boðið honum 200,000 líra fyrir það, til þess að setja það í ríkissöfnin. En hann neitaði því, og kvaðst sjálfur ætla að eiga hann San-Sabastano, og eftir hina fyrstu sýningu hélt hann honum vandlega geymdum fyrir öllum. Menn vissu að hann geymdi myndina í einu af innri herbergjum villunnar, sem enginn gestur fékk að líta inn í. Það leit út fyrir að hann vildi láta alla þá sögu gleymast. Hann mintist aldrei sjálfur á hana, en tók við þeim auð og frægð, sem hún hafði veitt honum, með einskonar kæruleysi, sem næstum því líktist fyrirlitningu fyrir mönnum, sem gamlir kunningjar hans fullyrtu, að hefði verið svo ólíkt honum áður en þessi fræga sýningarsaga bar við.

En hvernig hafði Giorgioni-málverkið lent hjá honum, sem hafði sagt aðra vera eigendur þess? Það vissi enginn nema hann og tvær manneskjur aðrar.

Hinn 1. júlí, sýningarárið hafði hann komið með málverkið til Sora Sabina, eins og hann hafði lofað, vandlega hreinsað frá nafni hans, sem hann hafði málað í vinstra hornið, og aftur sett það í sína gömlu umgerð. Hann kvaðst hafa fengið fjölda tilboða að kaupa myndina, bæði frá stjórninni og útlendum söfnum. Piermont Morgan bauð í hana 800,000 líra og mrs. Gordener í Boston rúma miljón, en þá varð að taka dúkinn úr myndinni og smygla henni út í tvíbotnuðu kofforti, eða regnhlífarhulstri. Sora Sabina kvaðst hafa haft nægan umhugsunartíma, og hún hefði ákveðið eftir ráðum dóttur sinnar að selja málverkið ekki.

»Hún segir eins og satt er að eg þurf enga miljón og að miljónin eigi ekki við mig. Það væri líklega þjóðræknislegt ef að eg seldi ríkinu það, en svo færi eg ef til vill á eftir að hata stjórnina alla mína æfi, og lögin, sem hún setur, sem banna mér að nota mér amerísku tilboðin og verða auðkýfingur. En smáfólk, sem alt í einu verður auðugt, verður oft svo undarlegt og sjaldan hamingjusamara á eftir. Nei, málverkið, skal að svo komnu vera í okkar eigu og verða heimanmund-